

alveg fyrirhyggjulaust og óhönduglega, sbr. vottorð skoðunarmanna, og verður ekki séð að skipstjóri eða skip hafi átt á því nokkra sök, heldur virðist ástæðan hafa verið hroðvirkni eða kunnáttuleysi þeirra, sem um hleðsluna sáu eða höfðu eftirlit með henni af hálfu farmsendanda.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu aðalstefnanda í aðalsök til greina, þó þannig, að farmgjaldskrafan miðast við það, sem eftir var skilið af 675 tonnum, en það voru 121 tonn. Á þá aðalstefndur að greiða $121 \times 15 = \text{£}90\text{-}15\text{-}0$ ásamt vöxtum eins og krafizt hefir verið.

Af þessari niðurstöðu í aðalsök leiðir það af sjálfu sér, að kröfur gagnstefnanda í gagnsökinni geta ekki orðið teknar til greina.

Málskostnað í aðalsök og gagnsök þykir rétt að aðalstefndur greiði með 250 kr.

Miðvikudaginn 29. maí 1935.

Nr. 160/1934. Þorvaldur Friðfinnsson

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

skiptaráðandanum í Akureyrarkaupstað f. h. þrotabús Antons Jónssonar og bæjarstjóra Akureyrar f. h. kaupstaðarins. (Enginn).

Eignarréttarkrafa áfrýjanda í þrotabú og forgangsréttur á veðkröfu tekin til greina.

Úrskurður skiptaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 13. marz 1934: Skuldakrafa útgerðarmanns Þorvaldar Friðfinnssonar í Ólafsfirði í þrotabúi útgerðarmanns Antons Jónssonar, að frádregnu fé því, er hann hefir fengið úr búinu sem handveðshafi viðurkennist rétt talin kr. 4246.04, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 3946.04 frá 1. febr. 1931 að telja til greiðsludags. Fyrir kröfu þessari hefir hann veðrétt sem fasteignaveð væri í $\frac{1}{2}$ nettóand-

virði vélbátsins Gunnars, er var seldur við opinbert uppboð 10. apríl 1931. Að öðru leyti er krafa hans almenn skuldakrafa í búið.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í hæstarétti 31. jan. þ. á., var mætt í því af hálfu beggja hinna stefndu, en er málið skyldi flutt í réttinum mættu stefndu eigi. Málið hefir því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Tildrög máls þessa eru þessi.

Með kaupsamningi 23. apríl 1930 seldi áfrýjandi Anton Jónssyni útgerðarmanni á Akureyri hálfan vélbátinn Gunnar, þá skrásettan á Akureyri, ásamt veiðarfærum á 7500 kr., en áður höfðu þeir átt bátinn í sameign, voru 2500 kr. greiddar upp í kaupverðið við undirskrift samningsins, en til tryggingar eftirstöðvum þess veðsetti Anton Þorvaldi þann helming bátsins, er hann áður átti, og átti kaupsamningurinn að þessu leyti að gilda sem veðskuldabréf. Loks var ákveðið í kaupsamningnum að kaupandi skyldi fá afsal fyrir bátshelmingnum þegar kaupverðið væri að fullu greitt.

Með því að Anton stóð eigi í skilum með greiðslu á eftirstöðvum kaupverðsins á tilsettum tíma, höfðaði áfrýjandi mál á hendur honum fyrir gestarétti Akureyrarkaupstaðar og lauk því máli svo með dómi, uppkveðnum 10. marz 1931, að Anton var dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 5586.14 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. febr. s. á. til greiðsludags og 300 krónur í málskostnað, að sjálfsögðu gegn því, að Þorvaldur gæfi afsal fyrir bátshelmingnum, þótt eigi sé það tekið fram í dóminum.

Um sama leyti og dómur þessi var kveðinn upp eða 14. s. m., var bú Antons tekið til gjaldþrotaskipta, og hinn 10. apríl s. á. var umræddur vélbátur allur seldur á opinberu uppboði og var áfrýjandi sjálfur kaupandi bátsins.

Auk veðsins í hálfum bátnum hafði Anton selt Þorvaldi að handveði 3 hlutabréf í h/f Smjörlikisgerð Akureyrar. Voru hlutabréf þessi seld eftir að búið var tekið til þrotabúsmeðferðar og fékk áfrýjandi nettóandvirði þeirra, kr. 1640.10, upp í dómkröfu sína.

Hinn 15. apríl 1931 lýsti áfrýjandi dómkröfu sinni í búið og nam hún, að fráðregnum áðurnefndum kr. 1640.10 kr. 4246.04 og taldi hann sig eiga veð í m/b Gunnari fyrir henni, en hinn 20. des. 1933, og áður en nokkur skiptafundur hafði verið haldinn í búinu, eftir að skuldalýsingarfrestur var liðinn, skýrði áfrýjandi kröfu sína nánar þannig, að þegar bú Antons hefði verið tekið til þrotabúsmeðferðar, hefði hann í raun rétttri samkv. kaupsamningnum 23. apríl 1930 verið enn eigandi að sínum helmingi í vélbátnum og bæri honum því sem eiganda hálf töliverð hans, sem svo ætti að draga frá kröfu hans í búið, en fyrir eftirstöðvunum ætti hann veð í hinum helmingi bátsandvirðisins ásamt nánar tilgreindum vöxtum.

Á skiptafundi í búinu 6. febr. 1934, sem haldinn var til að rannsaka framkomnar kröfur, var enginn ágreiningur um upphæð kröfu áfrýjanda. Hinsvegar var ágreiningur um forgangsrétt á veðkröfu hans og ef til vill um eignarréttarkröfu hans, þótt eigi sé sérstaklega um það bókað.

Um ágreining þenna felldi skiptaráðandi hinn 13. marz s. á. þann úrskurð, að eignarréttarkrafa áfrýj-

anda yrði eigi tekin til greina, en þar á móti var krafa hans um kr. 4246.04 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 3946.04 frá 1. febr. 1931 til greiðsludags viðurkennd og jafnframt ákveðið að áfrýjanda bæri veðréttur sem fasteignarveð væri í $\frac{1}{2}$ netto andvirði vélbátsins Gunnars.

Þessum úrskurði skiptaréttarins hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu dags. 16. okt. f. á. að fengnu áfrýjunarleyfi útgefnu 8. s. m. og með skírskotun til framlagðra skjala, þar á meðal novaleyfis, dags. 10. þ. m., hefir hann gert þær réttarkröfur að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt á þá leið, að lagt verði fyrir skiptaráðanda að greiða sér úr búinu sem réttum eiganda $\frac{1}{2}$ vélbátsins Gunnar hálfu uppboðsandvirði hans, en að úrskurðurinn verði að öðru leyti staðfestur.

Í greinargerð, dags. 18. apríl þ. á., sem lögð hefir verið fram í hæstarétti, skýrir áfrýjandi svo frá, að áður en uppboðið á bátnum fór fram, hafi hann átt viðtal við skiptaráðanda og hafi þeim komið saman um að hentugast væri bæði fyrir þrotabúið og áfrýjanda, að vélbáturinn væri seldur á uppboðinu í heilu lagi og skyldi svo hálfu andvirði bátsins renna til sín sem eiganda en hinn helmingur andvirðis gengi til greiðslu á veðkröfu áfrýjanda. Þá tekur áfrýjandi það fram, að nokkrum dögum eftir uppboðið hafi hann enn átt viðtal við skiptaráðanda og hafi skiptaráðandi þá á ný látið í ljósi, að áfrýjandi þyrfti aldrei að greiða uppboðsandvirðið inn í búið með því að helmingur þess gengi til hans sem eiganda og allar líkur væri til þess að hinn helmingurinn yrði honum útlagður sem veðhafa í þeim hluta bátsins, sem var eign búsins. Þessu til sönnunar bendir áfrýjandi á, að í þau 3 ár, er liðu

frá uppboðinu, hafi aldrei verið farið fram á það af skiptaráðanda að honum, þ. e. áfrýjanda, bæri að greiða uppboðsskuldina, slikt hafi fyrst komið til tals eftir að skiptaréttarúrskurðurinn 13. marz 1934 hafi verið kveðinn upp.

Hvað sem nú þessu liður, þykir það ljóst af skjölum þeim, er lögð hafa verið fram í hæstarétti, að áfrýjandi hefir aldrei gefið afsal fyrir sínum helmingi í umræddum vélbát, enda eigi skyldur til þess samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins 23. apríl 1930, þar sem hann hefir eigi fengið kaupverðið að fullu greitt, og eignarrétti sínum hefir hann eigi glatað, þótt hann léti þess eigi getið við uppboðið á bátnum 10. apríl 1931 að báturinn væri aðeins að hálfu eign þrotabúsins en að hálfu sín eign.

Samkvæmt vottorði skiptaráðanda nam andvirði bátsins, að kostnaði frádregnum, kr. 4539.00. Helming þessarar upphæðar kr. 2269.50 ber samkvæmt framansögðu að greiða áfrýjanda úr búinu sem réttum eiganda $\frac{1}{2}$ vélbátsins og kemur þessi upphæð til frádráttar kröfu áfrýjanda í búíð. Eftirstöðvar kröfu hans kr. 1976.54 ásamt 7% vöxtum af kr. 3946.04 frá 1. febr. 1931 til 10. apríl s. á. og 7% ársvöxtum af kr. 1676.54 frá 10. apríl 1931 til greiðsludags ber honum og réttur til að fá úr búinu með þeim forgangsrétti, sem í úrskurðinum segir.

Eftir þessum málavöxtum þykir rétt að hinn stefndi skiptaráðandi f. h. þrotabúsins greiði áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti með 200 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Skiptaráðandanum í Akureyrarkaupstað f. h. þrotabús Antons Jónssonar ber að greiða áfrýj-

anda, Þorvaldi Friðfinnssyni, sem réttum eiganda $\frac{1}{2}$ vélbátsins Gunnar kr. 2269.50. Þá á áfrýjandi kröfu á hendur þrotabúinu að upphæð kr. 1976.54 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 3946.04 frá 1. febr. 1931 til 10. apríl s. á. og 7% ársvöxtum af kr. 1676.54 frá 10. apríl 1931 til greiðsludags og hefir áfrýjandi fyrir þessari kröfu veðrétt sem fasteignaveð væri í $\frac{1}{2}$ netto andvirði nefnds vélbáts, en að öðru leyti er krafa hans almenn skuldakrafa í búið. Svo greiði skiptaráðandi f. h. þrotabúsins áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti með 200 kr.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Útgerðarmaður, Þorvaldur Friðfinnsson í Ólafsfirði hefir gert skuldakröfu í þrotabú þetta samkv. gestaréttardómi gengnum 10. marz 1931, að uppphæð kr. 5885.14 auk 7% ársvaxta af kr. 5586.14 frá 1. febr. 1931 til greiðsludags. Fyrir skuldinni hafði kröfuhafi meðal annars handveð í 3 hlutabréfum gjaldþrota í h/f Smjörlikisgerð Akureyrar, að nafnverði kr. 2500.00. Verðbréf þessi hafa verið seld við opinbert uppboð og fær kröfuhafi nettó andvirði þeirra kr. 1640.10 utan skuldaraðar. Fyrir eftirstöðvum skuldarinnar kr. 4246.04 auk 7% ársvaxta af kr. 3946.04 frá 1. febr. 1931 til greiðsludags, krefst hann veðréttar í andvirði vélbátsins Gunnar samkv. kaupsamningi 23. apríl 1930 ásamt veiðarfærum öllum, þannig að krafa þessi gangi fyrir kaupkröfum í búið frá síðasta ári fyrir gjaldþrotið, eftir því, sem með þarf til lúkningar kröfunni.

Jafnframt þessu krefst hann að sér verði greitt úr búinu $\frac{1}{2}$ andvirði vélbátsins Gunnars og veiðarfæra þeirra, er helmingnum fylgdu við sölu bátsins, sem réttum eiganda þessa helmings, þar eð hann ekki hafi gefið gjaldþrota afsal fyrir honum, og komi sú greiðsla til frádráttar kröfunni.

Kröfuhafi byggir kröfu sína á gestaréttardómi frá 10. marz 1931, en í þeim dómi er ekki getið um eignarrétt hans að helmingi bátsins. Þá var heldur eigi hreyft mót-mælum gegn því, að báturinn allur með veiðarfærum, væri eign þrotabúsins er hann var seldur á opinberu upp-boði 10. apríl 1931, en á því uppboði keypti kröfuhafi sjálfur bátinn allan sem hæstbjóðandi. Loks er eigi minnst á eignarétt þennan í hinni upprunalegu kröfulýsingu kröfu-hafa í búið dags. 15. apríl 1931.

Af þessum ástæðum getur krafan um greiðslu $\frac{1}{2}$ and-virðis báts og veiðarfæra til kröfuhafans eigi orðið tekin til greina.

Kröfunni um veðrétt í hálfum vélbátnum Gunnari, er gangi fyrir vinnukaupskröfu í búið, hefir verið mótmælt á skiptafundi og þar haldið fram að hér sé aðeins að ræða um veð í lausafé.

Með lögum nr. 20 frá 16. nóv. 1907, um veð í skipum, er mælt svo fyrir að um þýðingu og gildi veðréttar í skip-um og bátum (allt niður í 5 tonn), sem skrásettir eru hér á landi, fari eftir almennum fyrirmælum laganna um veð í fasteignum. Giltu lög þessi þar til siglingarlögin nr. 63 frá 22. nóv. 1913 gengu í gildi, en með þeim eru þau numin úr gildi, innihaldið tekið upp í 2. kapitula siglingalag-anna, með þeirri breytingu að 5 tonna lágmarkstakmarkið er fellt niður og segir svo í 5. gr. laganna: Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi eða skipshluta skal farið eftir reglum um fasteignir að svo miklu leyti, sem við verður komið“.

Að áliti skiptaréttarins er engin ástæða til að ætla að meining siglingalaganna hafi verið að minnka rétt þeirra manna, er veðhöft ættu í skrásettum smáskipum og bátum, enda má ráða það af orðalagi 5. gr. laganna. Og í því til-felli, er hér ræðir um, þar sem veðrétturinn er í skrásettu vélskipi 11,57 brúttó smálestir að stærð, verður eigi ann-að séð, en því verði vel við komið að fara eftir reglum um fasteignir. Þetta virðist og vera í fullu samræmi við lög-gjöf hinna síðari ára, sérstaklega lög nr. 58 frá 1929 og 37 frá 1930, að gera engan eða sem minnstan mun á skipum og bátum að því er snertir eignarrétt, eignarhöft o. fl.

Kröfuna um veðrétt svo sem fasteignaveð væri að ræða, einnig í veiðarfærum þeim, er fylgdu hálfum bátnum

Gunnari, er kaupsamningurinn 23. apríl 1930 var gerður, getur skiptarétturinn ekki tekið til greina, þegar af þeirri ástæðu, að lagaheimild virðist eigi vera til fyrir því, að veðsetja megi veiðarfæri sem fylgifé með skipum, en auk þess hefir kröfuhafinn ekki sýnt fram á, eða upplýst, hvaða veiðarfæri hafi fylgt bátnum er bú þetta var tekið til skiptameðferðar.

Samkvæmt því, sem þannig er sagt, ber að úrskurða Þorvaldi Friðfinnssyni veðrétt sem fasteignaveð væri fyrir eftirstöðvum af skuldakröfu hans í $\frac{1}{2}$ andvirði vélbátsins Gunnar, er var seldur á uppboði 10. apríl 1931 fyrir kr. 5100.00 og er nettó andvirði hans kr. 4539.00.

Föstudaginn 31. maí 1935.

Nr. 89/1934. **G. A. Sveinsson f. h. Halldórs Guðmundssonar** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Pálma Loftssyni f. h. skipaútgerðar ríkisins (Sveinbjörn Jónsson).

Eftirstöðvar sildarverkunarlauna.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 12. maí 1934: Stefndur, Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins, skal vera sýkn af kröfum G. A. Sveinssonar f. h. Halldórs Guðmundssonar í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3482.60 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1932 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.